

Reglur fyrir starfsmenn leikskóla Garðabæjar vegna styrkja til náms í leikskólakennarafræðum

Markmið

Markmið námstengdra styrkja er að fjölga leikskólakennurum og stuðla að hærri menntunarstigi á meðal starfsfólks í leikskólum Garðabæjar. Tilgangurinn er að efla faglegt starf og auka stöðugleika í starfsmannahaldi í leikskólum sveitarfélagsins.

Garðabær veitir styrki til náms í leikskólakennarafræðum í formi launaðs leyfis, eingreiðslna, vegna mætinga í staðbundinn hluta fjarnáms og verknáms, viðbótarstarfshlutfalls og styrks til greiðslu skrásetningargjalds og bókakaupa, allt eftir tegund náms og aðstæðum.

Umsóknarhæfi

Starfsmaður skal hafa að lágmarki þriggja mánaða starfsreynslu í leikskóla í Garðabæ og vera að lágmarki í 50% starfshlutfalli. Starfsmaður þarf að sækja um styrk til náms á þar til gerðu **eyðublaði** í samvinnu við leikskólastjóra og hafa meðmæli hans.

Eftirfarandi starfsmenn í leikskólum Garðabæjar geta sótt um styrki:

- Starfsmenn sem hyggjast hefja nám í leikskólakennarafræðum
- Leikskólakennarar með eldra próf sem vilja bæta við sig B.Ed. gráðu í leikskólakennarafræðum
- Leikskólakennarar sem óska eftir að fara í meistaranám sem nýtist á starfsvettvangi leikskólanna
- Starfsmenn sem vilja hefja diplómanám í aðstoðarleikskólakennaranámi
- Starfsmenn sem vilja hefja nám í leikskólabró Borgarholtsskóla eða sambærilegu námi

Vakin er athygli á að háskólamenntaðir starfsmenn sem vilja bæta við sig námi til að fá leyfisbréf sem leikskólakennarar hafa möguleika á að sækja um styrk í [Starfsþróunarsjóð annarra háskólamenntaðrar starfsmanna í FL](#).

Starfsmenn í leikskólakennarafræðum, í diplómanámi í aðstoðarleikskólakennaranámi eða háskólamenntaðir starfsmenn sem vilja bæta við sig námi til að fá leyfisbréf sem leikskólakennarar geta einnig sótt um styrk fyrir skrásetningargjöldum og námsbókum þar sem Garðabær styrkir nema allt að 100.000 kr. á ári til greiðslu skrásetningargjalda og bókakaupa. Styrkur vegna skrásetningargjalda skal greiddur ef viðkomandi starfsmaður á þess ekki kost að fá styrk frá sínu stéttarfélagi. Allar greiðslur eru gegn framvísun kvittana fyrir kostnaði.

Starfsmenn í leikskólakennarafræðum

Starfsmenn í fjarnámi/staðnámi í leikskólakennarafræðum geta tekið launað leyfi í allt að sjö vikur eða 35 virka daga á ári í allt að fimm ár vegna námsins. Jafnframt fá starfsmenn 5% viðbótarstarfshlutfall á námstíma að því gefnu að þeir séu í hlutastarfi með námi þ.e. ef starfsmaður er að lágmarki í 50% starfi þá fær hann 55% laun meðan á náminu stendur á þeim forsendum að gera má auknar faglegar kröfur til viðkomandi.

Einstaklingar sem starfa hjá leikskólum í Garðabæ fá greiddar eingreiðslur að upphæð 50.000 kr. fyrir hverja lokna önn í leikskólakennaranámi. Fjárveiting miðast við átta einstaklinga á ári.

Leikskólakennarar með eldra próf sem vilja bæta við sig B.Ed. gráðu í leikskólakennarafræðum

Leikskólakennarar með eldra leikskólakennarapróf, sem vilja bæta við sig 15 eininga námi til B.Ed. gráðu í fjarnámi, geta haldið launum vegna mætinga í staðbundinn hluta námsins í allt að fjórar vikur. Fjárveiting miðast við tvo einstaklinga á ári.

Leikskólakennarar sem óska eftir að fara í meistaranám sem nýtist á starfsvettvangi leikskólanna

Leikskólakennarar sem óska eftir að fara í meistaranám sem nýtist á starfsvettvangi leikskóla geta tekið launað leyfi í allt að sjö vikur eða 35 virka daga á ári í allt að tvö ár vegna mætinga í staðbundinn hluta námsins. Þeir eiga einnig kost á því að sækja um launað námsleyfi sbr. reglur Garðabæjar um [launað námsleyfi](#). Þeir geta þó ekki notið hvoru tveggja. Fjárveiting miðast við fjóra einstaklinga á ári.

Starfsmenn sem hyggjast sækja diplómanám til aðstoðarleikskólakennara

Starfsmenn sem hyggjast sækja diplómanám til aðstoðarleikskólakennara geta tekið launað leyfi í allt að sjö vikur eða 35 virka daga á ári vegna mætinga í staðbundinn hluta námsins og í verknám í allt að þrjú ár. Jafnframt fá starfsmenn 5% viðbótarstarfshlutfall á námstíma að því gefnu að starfsmenn séu í hlutastarfi með námi þ.e. ef starfsmaður er að lágmarki í 50% starfi þá fær hann 55% laun meðan á náminu stendur á þeim forsendum að gera má auknar faglegar kröfur til viðkomandi. Fjárveiting miðast við tvo einstaklinga á ári.

Starfsmenn í leikskólabró Borgarholtsskóla eða sambærilegu námi

Greidd eru skrásetningargjöld fyrir starfsmenn sem stunda nám í leikskólabró Borgarholtsskóla eða sambærilegu viðbótarnámi til leikskólaliða. Námið er stundað utan vinnutíma. Fjárveiting miðast við fjóra einstaklinga á ári.

Umsóknarferli

Umsóknir um námstengda styrki skulu berast verkefnastjóra skóladeildar fyrir 1. apríl ár hvert. Umsóknum skal skilað á viðeigandi **eyðublaði**. Þegar umsókn hefur verið samþykkt er gengið frá **samningi** við viðkomandi starfsmann. Við undirritun samnings þarf að liggja fyrir staðfesting frá viðkomandi háskóla um námsvist.

Garðbær áskilur sér rétt til að hafna umsóknum um námsstyrki á forsendum stuttrar starfsreynslu, ófullnægjandi námsframvindu og/eða umsagnar leikskólastjóra.

Verkefnastjóri skóladeildar og mannauðsstjóri meta umsóknir og afgreiða þær fyrir 15. ágúst ár hvert.

Skilyrði fyrir styrkveitingu

- Þeir starfsmenn sem samþykktir hafa verið í [launað námsleyfi](#) njóta ekki jafnframt styrks á grundvelli þessara reglna.
- Allir þeir sem njóta styrks samkvæmt þessum reglum eru skuldbundnir til að starfa við leikskóla Garðabæjar í að minnsta kosti tvö ár að námi loknu í að lágmarki 50%

starfshlutfalli. Þetta ákvæði gildir þó ekki um þá sem stunda nám í leikskólabrú Borgarholtsskóla eða sambærilegu námi.

- Ef starfsmaður sem fengið hefur styrk lætur af störfum hjá leikskólum Garðabæjar innan þessara tveggja ára þarf viðkomandi að endurgreiða kostnað vegna námstyrkjanna innan tveggja ára.
- Taki starfsmaður fæðingarorlof eða launalaust leyfi telst hann ekki vera starfandi í skilningi þessa ákvæðis á meðan á leyfinu stendur.

Endurnýjun styrkja

Umsóknir um námstengda styrki og samninga þarf að endurnýja á hverju ári, þar með talið styrki fyrir skrásetningargjöldum.

Starfsmenn þurfa að ljúka lágmarkskröfum um námsframvindu viðkomandi háskóla, miðað við hálft nám, eða sem samsvarar 30 einingum á hverju skólaári til að umsókn verði endurnýjuð milli ára. Skila þarf staðfestingu frá háskóla þess efnis.

Umsóknareyðublað vegna styrks til náms í leikskólakennarafræðum

Nafn:

Kennitala:

Vinnustaður:

Starfshlutfall:

Starfsaldur:

Námsgráða:

Sótt er um styrk vegna námsleiðar:

- Starfsmenn sem vilja hefja nám í leikskólakennarafræðum
- Leikskólakennarar með eldra próf sem vilja bæta við sig B.Ed. gráðu í leikskólakennarafræðum
- Leikskólakennarar sem óska eftir að fara í meistaranám sem nýtist á starfsvettvangi leikskólanna
- Starfsmenn sem vilja hefja diplómanám í aðstoðarleikskólakennarafræðum
- Starfsmenn sem vilja hefja nám í leikskólabró Borgarholtsskóla eða sambærilegu námi

Upplýsingar um fyrirhugað nám:

Námstími/fyrirhuguð námslok:

Fylgiskjöl (Staðfesting námsvistar, staðfesting á námsframvindu,...)

Meðmæli leikskólastjóra

Meðmæli frá öðrum aðila sem þekkir vel til starfa viðkomandi

Samningur vegna styrkja til náms í leikskólakennarafræðum

Nafn:

Kennitala:

Vinnustaður:

Námstími og áætluð fjarvera frá vinnustað á námstíma:

Endurgreiðsla styrkja vegna starfsloka

Starfsmanni er skylt að endurgreiða þá styrki sem honum hafa verið veittir láti hann af störfum innan tveggja ára hjá leikskólum Garðabæjar. Endurgreiða þarf styrkinn innan tveggja ára frá stafslokum.

Samningurinn er háður þeim skilyrðum að starfsmaður og hans næsti yfirmaður samþykki reglur sem um þennan samning gilda og staðfesti hann með undirritum.

Staður og dagsetning

Undirskrift starfsmanns

Undirskrift stjórnanda